

142. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 5. 2023 kl. 8:30 – 9:45

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Sindri Örn Elvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Huguín Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristján Sigurður Guðnason, Steinunn Hödd Harðardóttir, Bjarni Guðmundsson og Lind Völundardóttir.

Endurnýjun samstarfssamnings milli SASS og NP

Uppfærð drög að samstarfssamningi, frá SASS, lágu fyrir fundinum auk minnisblaðs forstöðumanns NP. Huguín Harpa fór yfir samningsdrögin og þær breytingar sem hafa orðið á þeim frá fyrstu drögum sem stjórn fjallaði um á fundi sínum í mars.

Stjórn ræddi einstaka þætti samningsins sem snúa að umfangi starfsins og viðtækum áherslum þess, tímagjaldi, kostnaði og ábyrgð. Einnig var rætt um ábyrgð Nýheima sem verktaka hvað varðar skatta og gjöld vegna sölu á þjónustu. Enn fremur var rætt um getu setursins til þess að standa undir skuldbindingum sem í samningnum felast.

Stjórn er sammála um að ekki sé hægt að ganga til samninga án frekari viðræðna um þessi atriði samningsgerðarinnar. Stjórn vill skoða möguleika á að gerður verði samningur um verkefnastyrk fremur en verksamningur. Stjórn leggur áherslu á að hefja samtal við fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna stöðu endurnýjunar samnings og enn fremur að funda með fulltrúa SASS. Forstöðumanni falið að vinna að málinu og koma á fundum.

Undirbúningur ársfundar

Huguín Harpa greindi frá undirbúningi ársfundar sem haldinn verður í Nýheimum miðvikudaginn 10. maí klukkan 15:00 í Nýheimum.

Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd

Fundi slitið 9:45

Þórgunnur Torfad.
Huguín Harpa Reynisd.